

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss,
verslun og þjónusta í landi Riftúns.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. apríl 2022 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem samþykkt var í bæjarstjórn 24. febrúar 2022.

Í breytingunni felst að rúmlega 9 ha landbúnaðarsvæði í landi Riftúns er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu (V21) vegna áforma um uppbyggingu ferðaþjónustu m.a. ylrækt og baðlaug.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. apríl 2022.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 6. maí 2022